

# Fréttapistill frá forseta Íslands

5. janúar 2020

Kæru landsmenn og lesendur! Ég ítreka nýárskveðjur og heillaóskir til ykkar allra. Megi nýtt ár færa öllum farsæld og hamingju. Ég þakka einnig hlýjar kveðjur sem mér og okkur Elizú hafa borist undanfarna daga. Þær kunnum við svo sannarlega vel að meta.

Ég sleppti því að skrifa vikupistil milli jóla og nýárs og stikla því á stóru hér frá jólum. Á annan dag jóla var gaman að hitta mann og annan í kirkjuhlaupinu sem Trimmklúbbur Seltjarnarness stendur fyrir hvert ár. Tveimur dögum síðar, 28. desember, voru íþróttir einnig í öndvegi, kjör íþróttamanns ársins.

Kraftlyftingakappinn Júlían J. K. Jóhannsson, minn gamli nemandi í sagnfræðinni, varð fyrir valinu og óska ég honum hjartanlega til hamingju með verðskuldaðan heiður. Enginn hefur oftast orðið fyrir valinu í þessu kjöri en Vilhjálmur Einarsson, sá frábæri kappi sem komst fyrstur Íslendinga á verðlaunapall á Ólympíuleikum. Vilhjálmur hefur gjarnan setið verðlaunahófið. Hann féll frá þennan dag, 85 ára að aldri. Síðustu daga hafa margir minnst þessa mæta manns og hans miklu íþróttafreka en ekki er síður vert að halda á lofti ævistarfi hans á sviði kennslu og mennta. Þar var hann líka í forystusveit. Á einni myndinni að neðan sést ég ávarpa unglíngalandsmót UMFÍ á Vilhjálmsvelli á Egilsstöðum sumarið 2017. Þar fylgdust þau Vilhjálmur og Gerður Unndórsdóttir kona hans með leik og keppni, aldurnigin en áhugasöm.

Á gamlársglímum lést Guðrún Ögmundsdóttir, fyrrverandi alþingismaður, eftir snarpa glímu við krabbamein. Fyrr á árinu hlaut hún riddarakross hinnar íslensku fálkaorðu fyrir störf sín í þágu mannúðar og jafnréttisbaráttu hinsegin fólks; Vilhjálmur heitinn var sæmdur fálkaorðunni árið 2006, hálfri öld eftir silfurstökk [breytt eftir góðfúslega ábendingu; óskiljanleg mistök að segja bronsstökk eins og hér stóð fyrst!] sitt á Ólympíuleikunum í Melbourne. Blessuð sé minning þeirra Guðrúnar og Vilhjálms.

Á gamlársglímum var fundur í ríkisráði á Bessastöðum, samkvæmt venju og hefð sem nær til fyrstu ára lýðveldisins. Að kvöldi skutum við fjölskyldan upp nokkrum flugeldum og kveiktum á stjörnuljósum og blysum úr fjölskyldupakkanum sem keyptur var til stuðnings björgunarsveitunum. Maður stólar á þá framþróun að flugeldar verði umhverfisvænni með árunum og jafnframt að drónar og leysigeislar verði notaðir við skrautsýningar á himnum uppi. En um þessi áramót vorum við áfram minnt á nauðsyn björgunarsveitanna í samfélaginu, liðsmenn þeirra leituðu á tveimur stöðum á landinu að týndu fólki.

Á nýársdag voru 14 Íslendingar sæmdir fálkaorðunni, vel að þeim heiðri komnir. Þann dag var einnig móttaka á Bessastöðum fyrir ýmsa gesti, forstöðufólk ríkisstofnana og félagasamtaka að fornu og nýju, alþingismenn, dómara, ráðherra og fleiri. Ég hafði vonað að fyrir þetta boð væri unnt að taka í notkun lyftu við útidyratröppurnar hér þannig að fólk, sem þarf að nota hjólastól, kæmist betur leiðar sinnar eins og sjálfsagt má telja. Það náðist ekki en lyftan kemur með hækkandi sól.

Fólk, sem kemst aðeins ferða sinna í hjólastól, hefur sýnt aðdáunarverða þolinmæði á þessum stað.

Fyrsta dag ársins var ávarp forseta Íslands flutt í Ríkissjónvarpinu, venju samkvæmt. Ávarpið má lesa eða horfa á hér: <https://www.forseti.is/.../2020-01-01-n%C3%BD%C3%A1rs%C3.../>.

Fimmtudaginn 2. janúar hlotnaðist mér svo sá heiður að afhenda Íslensku bjartsýnisverðlaunin. Þau hlaut að þessu sinni tónskáldið Hildur Guðnadóttir fyrir allar sínar tónsmíðar og frama í heimi kvikmynda og sjónvarpsþátta. (Viðbót mánudaginn 6. jan.: Vestan frá Hollywood berast þær fréttir að Hildur hafi hlotið Gullna hnöttinn - Golden Globe verðlaunin - fyrir tónlist sína í kvikmyndinni Joker og óska ég henni til hamingju með þá vegtyllu).

Enn minni ég á að frekari fregnir má finna á heimasíðu forsetaembættisins, [www.forseti.is](http://www.forseti.is). Og aftur óska ég ykkur öllum árs og friðar.